

## **Efni: Umsókn um leyfi til rannsókna - Kamphólar - Oddarannsóknin**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Fornleifastofnunar Íslands, dagsett 18. janúar 2021, um leyfi til rannsókna innan Oddaflóðs.

Oddaflóð er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 634/1994. Ekki má breyta landslagi á svæðinu. Mannvirkjagerð og jarðrask er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Umferð ökutækja sem ekki tengist hefbundum nytjum er óheimil nema að fenginni undanþágu Umhverfisstofnunar.

### **Lýsing verkefnis:**

Ráðgert er að grafa 2-3 könnunarskurði í leifar tveggja mannvirkja, meinta seltóft og tóft framan við helli sem er á svæðinu, og taka nokkur borkjarnasýni á mjög afmörkuðu svæði. Rannsóknarsvæðið er í Kamphól sunnarlega í friðlandinu. Loftmynd sem sýnir staðsetningu þeirra minja sem til stendur að grafa í fylgdi með umsókn. Mikil jarðvegsuppsöfnun er á svæðinu og langt niður á minjarnar. Til greina kæmi að nota litla gröfu (Bobcat) til að grafa niður á minjarnar. Fara þyrfti með gröfuna um 500 metra leið utan vegar til að komast á rannsóknarsvæðið. Að rannsókn lokinni yrði fyllt upp í skurðina og tyrft yfir með því torfi sem tekið var af við upphaf rannsóknarinnar. Gengið verður eins vel frá öllu jarðraski og unnt er og frágangur vandaður. Að rannsóknini koma 2-4 aðilar og færi hún fram á 7-10 daga tímabili sumarið 2021.

### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefnið hafa tímabundin neikvæð áhrif á svæðið sem eru afturkræf. Um er að ræða fuglafriðland og svæðið viðkvæmt fyrir truflunum á varptíma, frá miðjum maí og fram í lok júní. Sé farið eftir þeim skilyrðum sem sett eru fyrir leyfi þessu og rannsóknin fari fram utan varptíma er það mat Umhverfisstofnunar að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum verkefnisins.

### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Fornleifastofnun Íslands fyrir sitt leyti leyfi fyrir fornleifarannsókn innan Oddaflóðs sbr. lýsingu hér að frá júlí 2021 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengisreglur sem gilda um svæðið.
- Einungis skal aka gröfunni að og innan skilgreinds rannsóknarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.

- Grafan og annar búnaður þarf að vera hreinsaður áður en farið er með hann inn á svæðið til að koma í veg fyrir innflutning á ágengum tegundum frá öðrum svæðum.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð rannsóknarsvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki rannsóknarinnar.
- Óheimilt er að raska votlendi vegna rannsóknarinnar.
- Rannsóknaraðilar og farartæki skulu vera merktir sínum stofnunum og/eða klæðast merktum sýnileikafatnaði.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Rannsóknin skal fara fram utan varptíma fugla.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

***Eftirlit:***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Hákon Ásgeirsson  
teymisstjóri

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir  
sérfræðingur